

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
108. fundur –27. nóvember 2006**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. nóvember 2006, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerðir heilbrigðisnefndar frá 30. október 2006

Samþykkt.

2 Fundargerð 93. starfsmannafundar frá 22. nóvember 2006

2.1 Starfsleyfi.

Garðabær

2.1.1 Austurhraun 3, Garðabæ - verslun með matvörur og snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Björns Magnússonar, fh. B. Magnússon ehf., kt. 581183-0119, dags. 09.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvörur og snyrtivörur að Austurhrauni 3, Garðabæ. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.2 Hafnarfjarðarvegur, Garðabæ - bensinstöð með matvöru.

Lögð fram umsókn Sindra Sveinbjörnssonar, fh. Ólíuverslunar Íslands hf., kt. 500269-3249, dags. 08.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensinstöðvar með matvöru við Hafnarfjarðarveg, Garðabæ. Endurnýjun.

Frestað þar sem afla þarf upplýsinga.

2.1.3 Melás 5, Garðabæ - daggæsla fyrir allt að 10 börn.

Lögð fram umsókn Huldu Hrannar Jónsdóttur, kt. 110465-4409, dags. 07.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs daggæslu fyrri allt að 10 börn að Melási 5, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.4 Suðurhraun 12, Garðabæ - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Jóns Leósonar, fh. Geislatækni ehf., kt. 630198-2409, dags. 14.10.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Suðurhrauni 12, Garðabæ. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 15 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

2.1.5 Dalshraun 13, Hafnarfirði - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Dagbjartar Ragnarsdóttur, fh. Cleopötru ehf., kt. 430203-2660, dags. 13.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Dalshrauni 13, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.6 Flatahraun 25, Hafnarfirði - viðgerðarverkstæði.

Lögð fram umsókn Auðuns Guðmundssonar, fh. Arma ehf., kt. 680999-2449, dags. 08.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðarverkstæðis að Flatahrauni 25, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 Helluhraun 6, Hafnarfirði - sandblástur.

Lögð fram umsókn Hjartar Júlíussonar, fh. HK Blásturs ehf., kt. 440806-0310, dags. 28.09.2006 þar sem sótt er um leyfi til reksturs sandblásturs að Helluhrauni 6, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt að auglýsa tillögu að starfsleyfi.

2.1.8 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfirði - bensínstöð.

Lögð fram umsókn Sæmundar Tómassonar, fh. Skeljungs hf., kt. 590269-1749, dags. 31.10.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára.

2.1.9 Stapahraun 7, Hafnarfirði - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Björns Jónssonar, fh. Málmstinds ehf., kt. 530202-3560, dags. 07.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Stapahrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Fyrir liggur eftirlitsskýrsla, dags. 07.11.2006.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 15 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.10 Thorsplan, Hafnarfirði - jólaþorp.

Lögð fram umsókn Örnú Kristínar Einarsdóttur, fh. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 20.11.2006, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs jólaþorps á Thorsplani í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 1. janúar 2006.

2.1.11 Trönuhraun 10, Hafnarfirði - veitingahús.

Lögð fram umsókn Grétars Kristjánssonar, fh. Titan veitinga ehf., kt. 410906-0150, dags. 06.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingahúss að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa

Kópavogur

2.1.12 Auðbrekka 14, Kópavogi - bifreiðasprautunar.

Lögð fram umsókn Eyjólfss Eyjólfssonar, fh. Varma ehf., kt. 531006-1940, dags. 14.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautunar að Auðbrekku 14, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára.

2.1.13 Hamraborg 7, Kópavogi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Önnu Aðalgeirsdóttur, kt. 200954-2549, dags. 14.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Hamraborg 7, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.14 Smiðjuvegur 4a, Kópavogi - verslun með matvæli.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Ævarssonar, fh. Sælkerans ehf., kt. 581102-3050, dags. 13.11.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs umboðsverslunar með matvæli að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Öll vörugæymsla og afgreiðsla fer fram hjá viðurkenndri flutningastarfsemi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.15 Smiðjuvegur 10, Kópavogi - bónstöð.

Lögð fram umsókn Daneyjar Haraldsdóttur, fh. Sónex ehf., kt. 600802-2910, dags. 31.10.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Smiðjuvegi 10, Kópavogi Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára

2.1.16 Smiðjuvegur 38, Kópavogi - bifreiðasprautun.

Lögð fram umsókn Torfa Þórðarsonar, fh. Bílastoðar ehf. kt. 660606-3510, dags. 31.10.2006, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautunar að Smiðjuvegi 38, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 5 ára

2.1.17 Smiðjuvegur 68-72, Kópavogi - gisting og veitingasala.

Lögð fram umsókn Friðriks Guðmundssonar, fh. Stafnáss ehf., kt. 430303-3680, dags. 31.10.2006, þar sem sótt er um leyfi reksturs gistingar og veitingasölu að Smiðjuvegi 68-72, Kópavogi. Umsókn fylgja teikningar dags. 26. 11. 2006. Ný starfsemi
Starfsemin hefur ekki hlotið samþykki byggingarnefndar Kópavogs og fullnægir því ekki ákvæðum 14 gr. reglugerðar um hollustuhætti.
Frestað og óskað tillögu um framkvæmd úrbóta frá umsækjanda varðandi bað- og salernismál gesta.

2.1.18 Vesturvör 34, Kópavogi - athafnasvæði, margþætt starfsemi.

Lögð fram umsókn Þráins Vigfússonar, fh. Kynnisferða ehf., kt. 620372-0489, dags. 14.11.2006, þar sem sótt er um leyfi reksturs bifreiðaverkstæðis og skyldrar starfsemi að Vesturvör 34, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 10 ára

2.2 Umsagnir

Garðabær

2.2.1 Garðatorg, Garðabær - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 31.10.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gests Jónssonar, fyrir hönd Lionsklúbbs Garðabæjar, kt. 491078-0229, um veitingaleyfi vegna tónleika á Garðatorgi 9. og 16. nóvember.
Jákvæð umsögn staðfest.

Hafnarfjörður

2.2.2 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 25.10.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Grétars Kristjánssonar um veitingaleyfi fyrir Áttuna Sportbar, Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.
Rekstraraðili er Titan veitingar ehf., kt. 410906-0150.
Jákvæð umsögn samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.2.3 Steinhella 5, Hafnarfirði - umsögn um staðsetningu bílaleigu.

Lagt fram bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 14.11.2006 þar sem óskað er umsagnar á meðfylgjandi bréfi Vegagerðarinnar, dags. 15.11.2006 þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 1. mgr. 3. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum. Umsögnin er um staðsetningu bílaleigunnar Aftans ehf., kt. 430406-0190 að Steinhellu 5 í Hafnarfirði.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.2.4 Skútahraun 11, Hafnarfirði - leyfi til sölu notaðra ökutækja.

Lagt fram að nýju bréf frá sýslumanninum í Hafnarfirði, dags. 10.10.2006 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rafns A. Guðjónssonar um leyfi til sölu notaðra ökutækja skv. l. nr.28/1998 um verslunaratvinnu, að Skútahrauni 11, Hafnarfirði
Rekstraraðili er Hraun B.T. ehf., kt. 640882-0189
Jákvæð umsögn er veitt um erindið.

3 Svæðisskipulag um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu

Lagt fram erindi Andra H. Sigurjónssonar f.h. Kópavogsbæjar dags. 23. nóvember 2006 um breytingu á vatnsverndarmörkum svæðisskipulags vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 1999.

Einnig lagt fram erindi Arinbjörns Vilhjálmssonar f.h. Garðabæjar varðandi breytingu svæðisskipulags vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 í tengslum við niðurfellingu vatnsbóls í Dýjakrókum og uppbyggingu hesthúsasvæðis á Kjóavöllum.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Tillaga að breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu er vísað til framkvæmdastjórnar um vatnsvernd, umhverfisráðs Reykjavíkur og heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis til meðferðar samkvæmt ákvæðum 13. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999, með síðari breytingum.”

Eftirfarandi bókun er gerð með vísun til samþykktar bæjarstjórnar Garðabæjar þann 2. nóvember 2006 m.a. um breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar.

“Þar sem Garðabær hefur hafið undirbúning að því að leggja niður vatnsbólið í Dýjakrókum er nauðsynlegt að huga að samhliða að verndun og viðhaldi náttúrlegs ástands Vífilsstaðavatns. Heilbrigðisnefnd beinir því til bæjarstjórnar Garðabæjar að hefja þegar á árinu 2007 undirstöðurannsóknir til að flokka vatnið í samræmi við ákvæði reglugerðar, um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með síðari breytingum.”

4 Skilgreining á úrgangi - landmótun

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar frá 6. nóvember 2006 um skilgreiningu á jarðefnum frá óhreyfðum framkvæmdasvæðum. Erindið er svar við fyrirspurn sbr. tölulið 4 á fundi heilbrigðisnefndar 30. maí 2006.

Lagt fram að nýju erindi Pórarins Hjaltasonar, bæjarverkfræðings, dags. 20. mars 2006, f.h. tæknideildar Kópavogs varðandi landmótun og frágang efnisnámu við Lækjarbotna.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

Með vísun til álits Umhverfisstofnunar og 16. gr. heilbrigðissamþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 636/1997 getur heilbrigðisnefnd ekki fallist á erindið.

5 Ólykt á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði

Lagt fram að nýju erindi Bergþórs Jónssonar, f. h. Mótáss hf. og Fjarðarmóta ehf. dags. 17. október 2006 vegna ólyktar sem sögð er leggja um nýbyggingahverfi frá starfsemi að Hvaleyrarbraut 26, Hafnarfirði.

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins til Þurrkaðra fiskafurða ehf. frá 1. nóvember 2006. Lagt fram erindi Magnúsar Helga Árnasonar hdl. f. h. Þurrkaðra fiskafurða ehf. dags. 22. nóvember 2006.

Samþykkt að senda ofangreinda athugasemd lögmannsins bæjarráði Hafnarfjarðar til kynningar og óska eftir því að málið verði tekið fyrir í ljósi samþykktar ráðsins frá 10. júní 2004.

6 Eftirlitsgjöld vegna hundahalds

Lagður fram rafpóstur Sveinbjörns Nikulássonar frá 14. nóvember 2006 þar sem því er mótmælt að eftirlitsgjöld sem eru til innheimtu vegna hundahalds verði ekki feld niður. Heilbrigðisnefnd telur ekki að fella eigi innheimtu kröfuna niður.

7 Önnur mál

7.1 Hlaðbær Colas hf

Lagt fram erindi Hlaðbæjar Colas hf. dags. 13. nóvember 2006 sem svar við eftirlitsskýrslum og bréfi um starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf. Fyrirtækið hefur boðað til fundar með heilbrigðiseftirlitinu og Umhverfisstofnun um málið.

7.2 Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða

Lagðar fram til kynningar fundargerðir frá aðalfundi Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða sem haldinn var á Egilsstöðum þann 25. október 2006 og stjórnarfundar sem haldinn var 10. nóvember 2006.

7.3 Kvörtun vegna starfsemi fyrirtækis að Askalind 7, Kópavogi

Lagt fram afrit af erindi heilbrigðiseftirlitsins frá 3. nóvember 2006 vegna málsins til umrædds fyrirtækis. Ekki er talin ástæða til frekari afskipta af málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Júlíus K. Björnsson

Birna Ólafsdóttir

Gestur Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Halla Halldórsdóttir

Sigurgeir Ólafsson